



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# SARASTE < STJÓRNAR BRUCKNER

19. FEBRÚAR 2026  
ELDBORG HARPA



---

# VELKOMIN



---

VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT  
Á FARSÍMUM MEÐAN Á  
TÓNLEIKUM STENDUR

---

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM  
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

---

TÍMALENGD VERKA:

PÍANÓKONSERT 40“  
SINFÓNÍA 55“

---

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube  
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna  
lagalista með allri tónlist starfsársins.

# SARASTE STJÓRNAR BRUCKNER

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 19. FEBRÚAR 2026 KL. 19:30

## SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

JUKKA-PEKKA SARASTE  
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

FRANCESCO PIEMONTESE  
EINLEIKARI

## SERGEJ RAKHMANÍNOV

Píanókoncert nr. 3 í d-moll op. 30 (1909)

Allegro ma non tanto

Intermezzo

Finale

## HLÉ

## ANTON BRUCKNER

Sinfónía nr. 6 í A-dúr WAB 106 (1899)

Majestoso

Adagio. Sehr feierlich

Scherzo. Nicht schnell — Trio. Langsam

Finale. Bewegt, doch nicht zu schnell

---

# JUKKA-PEKKA SARASTE

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

---



Jukka-Pekka Saraste er fæddur árið 1956 og verður því sjötugur á þessu ári. Hann hefur verið aðalstjórnandi Filharmóníusveitarinnar í Helsinki og listrænn stjórnandi hennar frá árinu 2022. Hann er talinn meðal fremstu hljómsveitarstjóra Evrópu um þessar mundir og þótt víðar væri leitað. Saraste er þekktur fyrir mikla tilfinningalega dýpt í nálgun sinni og er því frábær túlkandi á verkum tónskálda eins og Beethovens, Bruckners, Shostakovitsj, Stravinskíj og Sibelíusar. Túlkun hans á hljómsveitarverkum síðrómantíkunnar hefur hvarvetna vakið athygli, ekki síst á verkum Mahlers.

Saraste var upphaflega fiðluleikari en nam síðar hljómsveitarstjórn við Sibelíusarakademiuna hjá Jorma Panula á sama tíma og Esa-Pekka Salonen og Osmo Vänskä. Hann var einnig náinn samstarfmaður hins þekktu hljómsveitarstjóra Leif Segerstam. Saraste hefur unnið náið með Finnsku kammersveitinni og hefur stjórnað henni á tónleikaferðum, meðal annars um Bandaríkin og Kanada. Hann hefur auk þess stjórnað öðrum þekktum hljómsveitum eins og Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, Skosku kammersveitinni, Sinfóníuhljómsveitinni í Toronto og fleiri hljómsveitum vestan hafs, Bresku útvarpshljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit WDR í Köln og Filharmóníusveit Oslóborgar. Á seinni árum hefur hann stjórnað konsertuppfærslum á óperum frá fyrri hluta 20. aldar, t.d. *Ódipus Rex* eftir Stravinskíj, *Erwartung* eftir Schönberg og *Kastala Bláskeggs* eftir Bartók og fleiri óperum frá sama tímabili. Saraste hefur hljóðritað allar sínfóníur Beethovens, Sibelíusar og Carls Nielsen, nokkrar af sínfóníum Mahlers og Bruckners og auk þess ýmsar af þekktustu óperum 20. aldar.

Saraste hefur hlotið fjölda viðurkenninga; tónlistarverðlaun finnska ríkisins árið 2000, heiðursdoktorsnafnbót við York-háskóla í Toronto og er handhafi norskra og finnskra heiðursmerkja, þar með talin Sibelíusarorðan og æðsta heiðursmerki finnsku Ljónsorðunnar. Hann hefur í tvígang stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands áður á áskriftartónleikum, síðast í mars árið 1986.

---

# FRANCESCO PIEMONTESE

## EINLEIKARI

---



Francesco Piemontesi er fæddur árið 1983 í Sviss. Hann er vel þekktur í tónleikahöllum víða um heim og hefur unnið með mörgum helstu hljómsveitum og stjórnendum samtímans – þar á meðal Jukka-Pekka Saraste sem stendur á stjórnendapallinum hér í kvöld.

Piemontesi vann til hinna þekktu verðlauna Elisabetar drottningar í Belgíu árið 2007 og eftir það hefur ýmis heiður fallið honum í skaut. Hann var valinn Listamaður nýrrar kynslóðar á árunum 2009–2011 hjá Breska ríkisútvarpinu, árið 2012 varð hann listrænn stjórnandi Settimane Musicale-tónlistarhátíðarinnar í Ascona og sama ár fékk hann Nýliðaverðlaun Tónlistartímarits breska ríkisútvarpsins fyrir upptökur sínar á verkum Händels, Brahms, Bach og Liszt. Hann flytur jafnan verk frá breiðu tímabili og eftir tónskáld allt frá Händel og Bach til Rakhmanínov, Bartók og Messiaen. Piemontesi hefur komið fram með mörgum þekktum hljómsveitum, þar má nefna Clevelandhljómsveitina, Fílharmoníuhljómsveit Lundúnaborgar, Útvarpshljómsveitina í Bæheimi, Sinfóníuhljómsveit Birmingham og Þýsku sinfóníuhljómsveitina í Berlín og útvarpshljómsveitirnar í Berlín Radio France og NHK í Japan. Hann hefur unnið með mörgum þekktum hljómsveitarstjórum, meðal annarra Zubin Mehta, Roger Norrington, Charles Dutoit, Jiří Bělohlávek, Stanisław Skrowaczewski, Vladimir Ashkenazy, Marek Janowski og Ton Koopman. Piemontesi hefur einnig komið fram á tónlistarhátíðum víða, þar sem nefna má Edinborgarhátíðina, Tónlistarhátíðina í Aix-en Provence í Frakklandi og Mostly Mozart-hátíðina sem haldin var í New York um árabíl. Francesco Piemontesi gaf áður út undir merkjum Naïve Classique en frá árinu 2019 hefur hann eingöngu gefið út undir merkjum Pentatone.

# SERGEJ RAKHMANÍNOV

## PÍANÓKONSERT NR. 3 Í D-MOLL



### TÓNLISTIN OG SÍ

Konsertinn var fyrst fluttur hér á landi í júní árið 1964, með hinn 27 ára gamla Vladimir Ashkenazy við píanóið og Igor Buketoff við stjórnvölinn. Síðan þá hefur hann verið fluttur nokkuð oft, til dæmis lék Þorsteinn Gauti Sigurðsson konsertinn árið 1993 undir stjórn Páls P. Pálssonar og Víkingur Heiðar Ólafsson flutti hann nokkrum sinnum á tímabilinu 2007–2011, síðast undir stjórn Ashkenazy. Konsertinn var síðast fluttur í október árið 2023 af rússneska píanóleikaranum Kirill Gerstein, undir stjórn Stéphane Denève.

Þriðji píanókonsert rússneska tónskáldsins Sergej Vasilíevits Rakhmanínov (1873–1943) er einstaklega ljóðrænn, tjáningarfullur og klingjandi og er einn af þekktustu píanókonsertum tónlistarsögunnar. Hann er jafnframt talinn tæknilega erfiðasti píanókonsert rómantíska tímabilsins. Konsertinn sem er í d-moll, var saminn árið 1909 þegar tónskáldið var 36 ára. Hann var sjálfur einstakur píanóleikari og talinn sá allra fremsti á sinni tíð en á þessum tíma tóku tónsmíðarnar þó stóran hluta af tíma hans. Þegar á leið varð píanóið þó fyrirferðarmeira hjá honum enda urðu miklar breytingar í tónsköpun álfunnar strax árið 1912 og tónsmíðar hans þóttu fljótlega gamaldags.

Sergej litli byrjaði snemma að læra á píanó og píanókennari æsku hans átti síðar þátt í að hann kæmist inn í Tónlistarháskólann í Moskvu. Hann fæddist inn í ríkidæmi sem þó gufaði fljótlega upp vegna spilafíknar föður hans; fjölmörg sveitasetur fjölskyldunnar voru seld upp í skuldir. Faðir hans var með áform um frama sonarins í hernum en spillti sjálfur fyrir með því að spila frá sér fjölskylduauðinn. Sem drengur sótti Sergej messur með ömmu sinni sem var mjög trúuð og þar kynntist hann litúrgíu rússnesku kirkjunnar sem átti eftir að setja mark á tónlist hans – minna má þar á hið áhrifamikla verk hans *Næturvöku* (e. All-night Vigil, einnig þekkt sem Vespers) en heyra má litúrgísk stef gægjast fram í fyrsta kafla 3. konsertsins.

Helstu einkenni tónsmíða Rakhmanínovs eru syngjandi laglínur, sterk og kraftmikil tjáning, þéttofinn kontrapunktískur vefur og sterkir litir. Píanóið er það hljóðfæri sem hann samdi helst fyrir og hann reynir svo sannarlega á þanþol hljóðfærisins; segja má að það sé eitt af einkennum píanóverka hans. Hann er talinn síðasti rússneski rómantíkerinn og stóð á herðum annarra risa rússneskrar rómantískrar tónlistar þar sem nærtækast er að nefna Tsjajkovskíj sem lést árið 1893 og Rimskíj–Korsakov sem lést árið 1908 og svo virðist sem fráfall þeirra beggja hafi haft mikil áhrif á hann. Rakhmanínov sökk í þunglyndi eftir að 1. sínfóníu hans var illa tekið þegar hún var frumflutt árið 1897. Það varði í fjögur ár og kostaði mikið átak fyrir hann að ná sér upp úr því. Eftir að píanókonsert hans nr. 2 var frumfluttur árið 1901 má segja að hann hafi tekið að rétta úr kútnum.


---

Píanókoncert nr. 3 var saminn í tilefni að tónleikaferð Rakhmanínovs til Bandaríkjanna þegar hann stóð á hátindi ferils síns sem tónskáld. Hálfgerð tómarúm hafði skapast eftir fráfali Tsjajkovskijs og seinna Rimski-Korsakoffs, svo Rachmanínoff var því einn um sviðsljósið. Konsertinn var frumfluttur í nóvember árið 1909 í Carnegie Hall ásamt Sinfóníuhljómsveit New York-borgar undir stjórn Walters Damrosch. Tveimur mánuðum síðar lék hann konsertinn aftur á sama stað, í þetta skipti með Filharmóníuhljómsveit borgarinnar undir stjórn Gustavs Mahler; Rakhmanínov átti síðar eftir að lýsa því hversu virkan þátt Mahler tók í flutningnum, líka þegar kadensurnar voru leiknar og hljómsveitin strangt til tekið í pásu.

Bygging konsertsins er hefðbundin; hann er í þremur þáttum og leiðir annar þátturinn beint inn í þann þriðja. Hann er fremur langur, rúmar fjörutíu mínútur í flutningi og auk þess er píanóparturinn einstaklega erfiður og útheimtir mikla einbeitingu og orku píanóleikarans. Upphafsstefið er þó látlaust og syngjandi þótt greina megi sterkan undirtón frá rússneskri þjóðlegri tónlist og messusöng. Einfaldleikinn varir þó ekki lengi og fljótlega taka við miklar flugeldasýningar. Hægi kaflinn byrjar rólega á fallettri línu í hljómsveitinni þar sem einnig má greina áhrif frá rússneskri þjóðlagahefð. Píanóið kemur síðan inn með mjúkri sveiflu þótt undirtóninn sé enn sem fyrr dramatískur. Kaflinn er byggður upp sem tilbrigði við stef, stefið er kynnt í hljómsveitinni í upphafi og fyrsta tilbrigðið er leikið af henni áður en píanóið kemur inn. Þótt kaflinn byrji hægt er hann hraðari og flóknari en miðkaflar oft eru, tempóið er hér fyrst og fremst mjög flæðandi. Þykkir hljómar og óróleiki í píanóinu skiptast á við hægari og þyngri stef í hljómsveitinni. Lokakaflinn er aftur á móti mjög taktfastur í byrjun, hraður og þróttmikill. Hér má heyra tilbrigði við stefin sem kynnt voru í fyrsta kaflanum. Formið er umbreytt sönötuform þar sem úrvinnsla stefjanna er ekki fullkomlega eftir bókinni. Um miðbikið verða áhugaverð skil, allt dettur í dúnalogn um hríð en blásararnir eru fljótir að rífa upp stemninguna. Í lokin koma svo allir þræðir saman í dásamlegu flæði.

# ANTON BRUCKNER

## SINFÓNÍA NR. 6 Í A-DÚR



### TÓNLISTIN OG SÍ

Sjötta símfónía Bruckners hefur aðeins einu sinni áður verið flutt af Símfóníuhljómsveit Íslands. Það var í Hallgrímskirkju 4. febrúar 1999 undir stjórn En Saho en á sömu tónleikum var orgelkonsert Jóns Leifs frumfluttur af Birni Steinari Sólbergssyni

Anton Bruckner (1824–1896) var tónskáld og organisti og er helst þekktur fyrir símfóníur sínar og trúarleg verk, aðallega messur og mótettur. Það eru ekki síst símfóníurnar sem halda nafni hans á lofti. Segja má að 7. símfónía Bruckners hafa valdið þáttaskilum á ferli hans, en 6. símfónían átti örlítið erfiðara uppdráttar. Mörg sterk höfundareinkenni Bruckners eru hér til staðar en önnur eru fjarverandi. Þetta er sú símfónía hans sem sjaldnast er flutt. Í kvöld verður flutt útgáfa símfóníunnar frá 1974 (Nowak).

Bruckner sem var elstur ellefu systkina, fæddist í litlu þorpi í Austurríki, afkomandi bænda og handverksmanna þótt bæði afi hans og faðir hafi gengt skólastjórastöðum í fæðingarbæ hans. Faðir hans var fyrsti tónlistarkennari hans og orgelið fyrsta hljóðfærið. Hann tengdist hljóðfærinu mjög sterkum böndum og æfði sig stundum hálfan sólarhringinn. Eftir dauða föðursins var hann sendur í klausturskóla þar sem hann var kórdrængur og lærði einnig á fiðlu. Hann hélt lengi áfram tónlistarnámi og lagði stund á hljólmfræði og kontrapunkt auk þess sem hann starfaði sem organisti og sinnti tónsmíðunum.

Þegar Bruckner byrjaði að semja 6. símfóníu sína höfðu aðeins þrjár af þeim fyrri verið fluttar, flutningur þeirrar þriðju hafði gengið illa og hún fengið mjög slæmar móttökur. En í kjölfar hennar tók við frjótt tímabil þar sem Bruckner samdi fjögur stór verk, öll í dúr en fram að því hafði hinn angurværi moli verið honum hugstæðari; þetta eru 4. og 5. símfónían, strengjakvintett fyrir tvær víólar og svo 6. símfónían sem tengist hinum tveimur sterkum böndum. Hún hefur jafnvel verið samin sem eins konar heimspekilegt svar við þeim og hefur verið kölluð Heimspekisímfónían.

Allar símfóníur Bruckners eru á hefðbundnu formi, í fjórum löngum köflum sem sækja margt, bæði í byggingu og úrvinnslu tónefnis, til Beethovens og bygging þeirra er í meginatriðum sú sama. Bruckner kvíkar þó frá þessu í öðrum kafla 6. símfóníunnar þar sem venjan er að byggingin sé ABA-form, hér notar hann sönötuformið. Fyrsti og síðasti kaflinn í símfóníum Bruckners eru jafnan mjög tengdir þar sem nánari úrvinnsla stefja sem kynnt eru í fyrsta kaflanum fer fram í lokaköflunum. Bruckner kynnir næstum alltaf þrjú aðalstef eða stefjahópa og síðan fylgir úrvinnsla á þeim öllum.

---

Annað einkenni Bruckners sem er áberandi hér, er ákveðin hljómanotkun og beiting þeirra við tóntegundaskipti, hann notar einnig víða ákveðið rytmískt stef; tvær fjórðapartsnótur og tríóla, ýmist fylgir fjórðipartur og síðan þögn, eða hann spinnur hrynstefið áfram. Þessi hrynur er víða ráðandi í fjórðu símfóníunni og í þeirri sjöttu má segja að hann sé það afl sem rekur hana áfram ásamt flóknari hryn sem er byggður á þessum.

Fyrsti kaflinn, Majestoso, hefst á andstæðum, fiðlur ríða á vaðið í áðurnefndum hryn og fyrsta aðalstefið er kynnt í dekkri strengjum sem horn svara. Stefin sem sett eru fram eru talsvert ólík, kaflinn byrjar í A-dúr en fljótlega fer hann á tóntegundaflakk og kemur víða við. Eitt helsta einkenni kaflans er mikil tilfinningaleg spenna. Annar kaflinn er Adagio-kaflí með yfirskriftina Sehr feierlich, eða mjög hátíðlegt enda einkennir ákveðin upphafning og ljóðrænn innileiki allan kaflann. Hann er líka á sönötuformi sem er óalgengt í öðrum kafla og hér eru líka þrjú stef kynnt til sögunar ásamt úrvinnslu. Þriðji kaflinn, Scherzo og Tríó, er ólíkur öllum öðrum tónsmíðum Bruckners. Hann er aðeins hægari en venjan er í Scherzo-köflum þótt hann byrji hressilega og hér má segja að stefin séu ekki aðalatriðið heldur er leikur með rytma og taktskipti það sem er helst einkennir kaflann. Tríóið byggir tónskáldið að hluta á austurrískum dansi, Ländler. Samtal hljóðfæra er hér sérstakt, strengir spila pizzicato á meðal horn og tréblásarar eru í aðalhlutverki. Fjórði kaflinn, Finale kallast að mörgu leyti á við fyrsta kaflann eins og svo oft hjá Bruckner. Við erum aftur komin í A-dúr en þó með útúrdúrum, t.d. er fyrsta stefið með frígísku yfirbragði og málmblásarar gegna stóru hlutverki.

Hér má greina aukið sjálfstraust tónskáldsins en hann endurskoðaði símfóníuna aldrei þótt það hafi verið raunin með mörg önnur verka hans. Símfónían er samin á árunum 1879–1881 en var ekki frumflutt fyrr en árið 1899, þremur árum eftir dauða tónskáldsins. Hann náði þó að heyra tvo kafla hennar flutta. Sjötta símfónía Bruckners er einstök í höfundarverki hans fyrir margra hluta sakir, ekki síst tilfinningaríka úrvinnslu stefja, fjölbreytta hljómræna framvindu og á köflum mjög flókna hrynjandi.

*Ingibjörg Eypórsdóttir*

# Á DÖFINNI

## TOMÁŠ HANUS & STEFÁN RAGNAR

FIMMTUDAGUR 5. MARS KL. 19:30

Stefán Ragnar Höskuldsson tók nýlega við stöðu fyrsta flautuleikara hjá Filharmóníusveit Berlínar og er það mikið gleðiefni að hann leiki nú einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann leikur flautukonsert eftir Lowell Liebermann og Adagio eftir Jón Nordal, fyrir flautu, píanó, hörpu og strengi. Hinn tékkneski Tomáš Hanus, aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, stjórnar að auki tónlist eftir tvo landa sína, en það eru “hin ameríska” svíta eftir Dvořák og sjötta sínfónía Bohuslav Martinů.



## KIAN SOLTANI LEIKUR LUTOSŁAWSKI

FIMMTUDAGUR 12. MARS KL. 19:30

Tónleikadagskrá væntanlegrar Evrópureisu hljómsveitarinnar verður kynnt á þessum tónleikum. Staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sellóleikarinn Kian Soltani, leikur sellókonsert Lutosławskis frá árinu 1970 undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra. Konsertinn er hlaðinn orku, ljóðrænu og mikilli dramatík og var valinn einn af tíu bestu sellókonsertum tónlistarsögunnar af gagnrýnendum BBC tónlistartímaritsins haustið 2024. Á tónleikunum hljóma einnig tvö verk finnska tónskáldsins Jean Sibelius, Dóttir norðursins sem sækir innblástur í Kalevala ljóðabálkinn og sínfónía nr. 2, ein vinsælasta sínfónía tónskáldsins.



## ELGAR & ELDFUGLINN

FÖSTUDAGAUR 13. MARS KL. 18:00

Kynning á efnisskrá Evrópureisu SÍ heldur áfram á föstudagstónleikum í Eldborg. Sellókonsert Edwards Elgar er eitt dádasta einleiksverk tónlistarsögunnar og hér njóta sín til fullnustu einstök tók einleikarans, Kians Soltani, á hljóðfærinu. Eldfuglinn verður einnig með í ferðalaginu, hljómsveitarsvítan litríka sem Ígor Stravinskíj vann upp úr byltingarkenndum balletti sínum sem frumfluttur var árið 1910. Fuglinn sá sprettur úr rússneskri þjóðsagnahefð, tónlistin er litrík og þar eru allir möguleikar sínfóníuhljómsveitar nýttir til hins ýtrasta. Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.



# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## 1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Andrzej Kleina  
Laura Liu  
Joanna Bauer  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Helga Póra Björgvinsdóttir  
Geirpríður Ása Guðjónsdóttir Skelton  
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir

## 2. FÍÐLA

Alexandra Woroniecka  
Gunnhildur Daðadóttir  
Justyna Bidler  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sólveig Steinþórsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Hekla Finnsdóttir  
Emma Garðarsdóttir  
Ingrid Karlsdóttir  
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir  
Kristján Matthíasson

## VIÓLA

Þórunn Ósk Marínósdóttir  
Rita Þoríris  
Þórarinn Már Baldursson  
Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Guðrún Hrud Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Þórhildur Magnúsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Urh Mrak  
Guðný Jónasdóttir

## BASSI

Valur Pálsson  
T.C. Fitzgerald  
Hávarður Tryggvason  
Jacek Karwan  
Richard Korn  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

## FLAUTA

Rafael Adobas  
Caterina Compagno

## ÓBÓ

Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Clara Manaud  
Bryndís Þórsdóttir

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Justin Mange  
Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Yi-Ling Shih  
Jason Friedman

## TROMPET

Zach Silberschlag  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson

## BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson  
Sigurður Þorbergsson

## BASSABÁSÚNA

David Bobroff

## TÚBA

Itamar Elis

## PÁKUR

Soraya Nayyar

## SLAGVERK

Frank Aarnink  
Eggert Pálsson

## AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

## FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson  
framkvæmdastjóri  
Valdís Þorkelsdóttir  
viðburða- og skipulagsstjóri  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
verkefnastjóri viðburða  
Hjördís Ástráðsdóttir  
fræðslustjóri  
Tryggvi M. Baldvinsson  
listrænn ráðgjafi  
Jökull Torfason  
verkefnastjóri dagskrárgerðar

Margrét Ragnarsdóttir  
markaðs- og kynningarstjóri  
Kristín Björg Björnsdóttir  
markaðsfulltrúi  
Dagrún Hálfðánardóttir  
mannauðsstjóri  
Svanhvít Hrólfssdóttir  
fjármálastjóri  
Tracy Bass  
nótnavörður  
Brynja Guðmundsdóttir  
aðstoðarnótnavörður  
Sigbór J. Guðmundsson  
verkefnastjóri sviðs-  
og tæknimála  
Björk Björgúlfssdóttir  
sviðsmaður

## STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson  
formaður stjórnar  
Jóhanna Yr Jóhannsdóttir  
Margrét Pálmadóttir  
Emil Friðfinnsson  
Ragnar Jónasson

# CAROLINE SHAW: PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ



27. FEBRÚAR KL.18:00  
ELDBORG HARPA

**CAROLINE SHAW**  
ENTR'ACTE  
IN MANUS TUAS  
ITS MOTION KEEPS  
LO, FÍÐLUKONSERT

Bandaríska tónskáldið, fiðluleikarinn og söngkonan Caroline Shaw er gestur hljómsveitarinnar á þessum tónleikum þar sem við kynnumst fjórum ólíkum verkum hennar. Caroline hefur hlotið fjölmörg Grammy-verðlaun en skaust upp á stjörnuhimininn árið 2013, þegar hún hlaut Pulitzer-verðlaunin. Hefðbundið tónleikaform verður brotið upp og mun hljómsveitin vera í hringuppstillingu á sviði og áhorfendur sitja umhverfis hljómsveitina. Ekki missa af einstöku tækifæri til að upplifa Caroline Shaw ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands og kammerkórnum Aurora undir stjórn Daniels Bjarnasonar.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir og án hlés.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS